

20 isins. Eru allar ráðstafanir í þessu efni ógildar gagnvart eigendum námuréttindanna, 12. júní þangað til samþykki ráðuneytisins er fengið.
Greinatala og kaflaskipti laganna breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist: enda sé til þess fengið málmgraftarbréf hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra, staðfest af atvinnumálaráðuneytinu.

3. gr.

Aftan við 4. mgr. 8. gr. laganna bætist:
Bréfið skal því næst sent atvinnumálaráðuneytinu, er endursendir það lög-
reglustjóra með áritaðri staðfestingu, ef það telur rétt að veita málmgraftarleyfi.
Ráðuneytið getur bundið leyfið þeim skilyrðum, sem það telur þurfa.

4. gr.

Á eftir orðunum „Eigi má“ í upphafi 5. mgr. 8. gr. laganna komi: lögreglustjóri.

5. gr.

Aftan við síðustu málgr. 8. gr. laganna bætist: þegar ráðuneytið hefir staðfest það.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ólafur Thors.

21

12. júní

L Ö G

um ostrurækt.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að ákveða í reglugerð, að tiltekin svæði í fjörðum inni skuli um tiltekinn tíma friðuð til ostruræktar fyrir hverskonar veiðum, öðrum en ostruveiðum. Ennfremur skal þar ákveðið, hvernig og á hvaða árs-
tíma heimilt sé að stunda ostruveiðar.

Slík friðun skal þó því skilyrði bundin, að hún komi ekki í bága við veiðiskap, sem fyrir er á svæðinu, hvort heldur er um að ræða veiði nytjafiska eða skelfiska-
tekju, nema samkomulag náist við þá, er þar eiga hagsmuna að gæta, og ennfremur,

að forstjóri fiskveiðideildar rannsóknarstofnunar atvinnuveganna telji ostrurækt 21
nytvænlega hér við land.

12. júní

2. gr.

Enginn má stunda ostrurækt á friðlýstu svæði nema með leyfi atvinnumálaráðherra.

Leyfi þessi má veita innlendum og erlendum félögum og einstaklingum, og skulu þau bundin við ákveðin svæði og til ákveðins árafjölda. Ennfremur getur atvinnumálaráðherra sett þau skilyrði fyrir leyfum þessum, sem hann telur nauðsynleg til verndar hagsmunum ríkis, almennings eða einstakra manna.

3. gr.

Sérhver, sem á land eða hefir land til afnota, er liggur að friðlýstu svæði, er skyldur til að þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem ostruræktin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir af hálfu leyfishafa. Náist ekki samkomulag um bætturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna. Kostnað við matið greiðir leyfishafi. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 30 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn af leyfishafa.

4. gr.

Heimilt er að undanþiggja tilrauna-ostrur (móðurdýr) öllum innflutningsgjöldum.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 1000 krónum.

Fara skal um slík mál sem almenn lögglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ólafur Thors.